



Skólanámskrá 2019 – 2020



II. hluti

Nám og kennsla

6. bekkur

Umsjónarkennarar

Ólína Laufey Sveinsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

Ríkharð Bjarni Snorrason.

Efnisyfirlit

BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR	4
LYKILHÆFNI Í 6. BEKK	4
ÍSLENSKA	5
Talað mál, hlustun og áhorf	5
Lestur og bókmenntir	5
Ritun	6
Málfræði	6
STÆRÐFRÆÐI	7
Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar	7
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	7
Tölur og reikningur	8
Algebra	8
Rúmfræði og mælingar	8
Tölfræði og líkindi	8
ERLEND TUNGUMÁL	9
Enska	9
SAMFÉLAGSGREINAR	11
Reynsluheimur	12
Hugarheimur	12
Félagsheimur	12
UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT	14
Vinnulag og vinnubrögð	14
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	14
Tækni og búnaður	15
Sköpun og miðlun	15
Siðferði og öryggismál	15
TÓNMENNT	16
Frum-, efnis- og leikniþættir	16
Sögulegt og félagslegt samhengi	16
Tónlistarlegt innsæi	16
SMÍÐJUR	16

Heimilisfræði.....	17
Hönnun og smíði.....	17
Textílmennt.....	18
Myndmennt.....	19
Vísindi vítt og breytt.....	20
Heimspeki, siðfræði og gagnrýnin hugsun.....	20
LEIÐTOGAPJÁLFUN.....	21
FJÖLVAL.....	21
SKÓLAÍPRÓTTIR.....	22
Ípróttir.....	22
Sund.....	23

Bakgrunnsupplýsingar

Í 6. bekk eru 68 nemendur, 33 drengir og 35 stúlkur. Alls fá nemendur 35 kennslustundir á viku. Umsjónarkennarar í 6. bekk eru Ólína Laufey Sveinsdóttir, Rakel Guðmundsdóttir og Ríkhart Bjarni Snorrason. Sérkennari er Elín Njálisdóttir. Stuðningsfulltrúar eru Bryndís S. Jóhannesdóttir, Eva Lind Daníelsdóttir og Rósa Sveinsdóttir.

Aðrir kennarar eru:

- Jóhanna Ingvarsdóttir, sund
- Jón Ásgeir Þorvaldsson og Ríkhart Bjarni Snorrason, íþróttir
- Fannar Sigurpálsson, upplýsingamennt
- Haraldur Haraldsson, tónmennt
- Guðrún Jóhannsdóttir, hönnun og smíði
- Helga Lára Haraldsdóttir, myndmennt
- Silja Konráðsdóttir, textíl,
- Halldóra Ólög Sigurðardóttir, heimilisfræði,
- Aðalheiður Hanna Björnsdóttir, vísindasmiðju
- Ólína Laufey Sveinsdóttir og Rakel Guðmundsdóttir, leiðtogaþjálfun

Viðmiðunarstundatafla

Íslenska	7 tímar	Tónmennt	1 tími
Stærðfræði	7 tímar	Smiðjur	4 tímar
Enska	2 tímar	Sund	1 tími
Samfélagsgreinar	4 tímar	Íþróttir	2 tímar
Fjölgreindaval	2 tímar	Lífsleikni/ Bekkjafundur	2 tímar
Upplýsinga- og tæknimennt	1 tími	Útikennsla	2 tímar
		Samtals: 35 tímar í viku	

Lykilhæfni í 6. bekk

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans.

Lykilhæfnin skiptist í fimm þætti sem lagðir eru til í Aðalnámskrá. Allir þættirnir fimm eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda.

Tjáning og miðlun – Tekur þátt í samræðum og rökræðum. Tjáir sig skýrt og áheyrilega. Miðlar þekkingu sinni og leikni.

Skapandi og gagnrýnin hugsun – Sýnir frumkvæði. Veitir gagnrýnni hugsun. Er skapandi við vinnu og lausn verkefna.

Sjálfstæði og samvinna – Leitar sjálfstæðra lausna í vinnu sinni. Sýnir kurteisi í samskiptum. Leggur sitt af mörkum í hópstarfi. Fylgir fyrirmælum.

Nýting miðla og upplýsinga – Miðlar upplýsingum til annara. Nýtir mismunandi miðla til upplýsingaöflunar. Vinnur vel og á gagnrýninn hátt úr upplýsingum.

Ábyrgð og mat á eigin námi – Setur sér markmið í námi. Metur stöðu sína raunhæft í námi. Nýtur tíma sinn vel.

Íslenska

Talað mál, hlustun og áhorf

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- tjái sig skýrt og áheyrilega
- geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda
- geti tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum
- geti hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum
- nýti sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt
- geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi

Kennsluefni/kennslugögn

Söguskinna, Orðspor 2, Benjamín Dúfa, Fólkið í blokkinni, ljóð og efni frá kennara.

Námsmat

Námsmat í framsögn fer fram á vorönn.

Lestur og bókmenntir

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- lesi texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, leggi mat á hann og túlki
- geti lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekinn texti hefur á þá
- geti greint og fjallað um aðalatriði í texta og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta
- getið lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum
- geti beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sögusvið og boðskap
- geti beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi og líkingar
- geti aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna

Kennsluefni/kennslugögn

Frjálst val af bókasafni skólans þar sem nemendur velja sér eina bók til lestrar í skólanum og aðra heima, Söguskinna, Benjamín Dúfa, Fólkið í blokkinni og verkefni frá kennara.

Námsmat:

2 sinnum yfir skólaárið, einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót er lögð fyrir Orðarún lesskilningskönnun. Einnig verða lagðar fyrir lesskilningskannanir frá kennara. Hraðlestrarkannanir Lesferils eru lagðar fyrir í september, janúar og maí.

Eftirfarandi eru viðmið í raddlestri við lok 6. bekkjar:

6. bekkur	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
	105 orð á mínútu	155 orð á mínútu	175 orð á mínútu

Ritun

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti skrifað læsilega og af öryggi og beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur
- geti samið texta þar sem eigin sköpun er beitt og njóti þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa hana
- geti beitt helstu atriðum í stafsetningar og greinamerkjasetningum og nái valdi á þeim
- geti skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu og vísað til heimilda

Kennsluefni/kennslugögn

Mál í mótun lesbók, Skrift 6 og ýmis verkefni frá kennara og skriftarblöð.

Námsmat:

Símat, einkunnir verða sýnilegar á Mentor inni í verkefnabók nemenda.

Málfræði

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti
- nýti sér kunnáttu og færni í að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál
- átti sig á því hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð og fallorð og geti greint hlutverk og helstu einkenni þeirra
- geti beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og geri sér grein fyrir fjölbreytileika málsins

- geri sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu

Kennslufni/kennslugögn

Orðspor 2 lesbók og vinnubók, Mál í mótun lesbók, Málrækt 2, og ýmis verkefni frá kennara.

Námsmat

Námsmat samanstendur af reglulegu símati úr efnisþáttum og einkunnir verða sýnilegar á Mentor inni í verkefnabók nemenda. Aston Index stafsetningakönnun á haustönn.

Kennsluhættir

Íslenska verður kennd samkvæmt hugmyndafræði heildstæðrar móðurmálskennslu þar sem hinir fjórir þættir íslenskunnar eru samþættir. Samfellu og stíganda er haldið allt kennsluárið með fjölbreyttum kennsluaðferðum og margvíslegu námsefni. Höfðað er til færniþátta nemenda og leitast við að laða fram það besta hjá hverjum og einum. Farið verður í lestrarspretti á skólaárinu.

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Að nemandi:

- spyrji og tjái sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- leysi stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu
- setji fram og meðhöndli reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

Að nemandi:

- noti óformlega framsetningu og táknmál stærðfræðinnar
- setji sig inn í og tjái sig, bæði munnlega og skriflega um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Að nemandi:

- taki þátt í að þróa fjölbreyttar lausnarleiðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum

- lesi einfaldan, fræðilegan texta og noti upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir
- vinni í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda

Tölur og reikningur

Að nemandi:

- geti notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman
- geti notað tugakerfisrithátt og sýni að hann skilji sætiskerfi
- leysi viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugareikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum

Algebra

Að nemandi:

- rannsaki og setji fram talnamynstur á skipulegan hátt og vinni með regluleika í rúmfræði, lýsi mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar

Rúmfræði og mælingar

Að nemandi:

- rannsaki og greini tvívíð og þrívíð form, teikni einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, spegli, snúi og hliðri flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn
- noti hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni
- tengi tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíðahluti

Tölfræði og líkindi

Að nemandi:

- sæki gögn í gagnabanka, lesi, útskýri og túlki gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum
- reikni út líkur í einföldum tilvikum

Kennsluefni/kennslugögn

Stika 2a, Stika 2b nemendabók og æfingahefti ásamt ýmsum orðadæmum og ítarefni frá kennara.

Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á fjölbreytt vinnubrögð sem gera nemendum kleift að leysa stærðfræðileg viðfangsefni á eigin forsendum. Jafnframt tengist stærðfræðivinnan daglegu lífi og reynslu nemenda, bæði í einstaklings- og hópvinnu, rökstuðningi, námsleikjum, spilum, þrautalausnum, utanbókarnámi, sköpun, vettvangsferðum, notkun kennsluforríta, tilraunum og samræðum. Hver efnisþáttur hefst á innlögnum á efni og síðan er unnið með það áfram í kennslustundum. Nemendur vinna sjálfstætt í

kennslustundum þar sem unnið er Stiku, einn og einn eða í tveggja til þriggja manna hópum. Í heimavinnu fá nemendur að mestu einstaklingsmiðað þjálfunarefni í samráði við foreldra.

Námsmat:

Símat verður í stærðfræði með námsmatsverkefni við lok hvers námsþáttar. Lögð verður áhersla á að efla ábyrgð nemenda í námi og fá nemendur að velja hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og færni úr hverjum námsþætti. Nemendur taka því 8 kannanir þar sem að tvær þeirra eru hefðbundnar kannanir í kennslustund, tvær þeirra eru gagnakannanir (með svokölluðum svindlmiðum), eitt er heimapróf, eitt paraverkefni, ein munnleg könnun og eitt veggspjald. Eftir námsmat fer kennari yfir með nemandanum hvað hann þarf að ná betri tókum á og í kjölfarið fær nemandinn þjálfunarefni í skóla eða heima í samráði við foreldra ef þörf er á. Virkni og vinnubrögð nemenda eru metin jafn og þétt yfir skólaárið.

Erlend tungumál

Enska

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla 2013: Erlend tungumál skiptast námsmarkmið í erlendum tungumálum í sex þætti: **1) hlustun, 2) lesskilningur, 3) samskipti, 4) frásögn 5) ritun 6) menningalæsi.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilegan stíganda í náminu.

Hlustun

Að nemandi:

- skilji einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi
- skilji það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum
- fylgi meginþræði í einföldum frásögnum um kunnulegt efni
- geti fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnulegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta

Lesskilningur

Að nemandi:

- geti lesið og skilið stuttan texta með grunnorðaförða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum
- skilji megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla
- geti fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu
- geti lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra

Samskipti

Að nemandi:

- haldi uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaförða og kunni að beita algengustu kurteisisvenjum
- geti spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst
- geti skipts á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu
- geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar

Frásögn

Að nemandi:

- geti sagt frá á einföldu máli um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri og notað lykilorðaförða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins
- geti sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi
- geti endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt
- geti flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa

Ritun

Að nemandi:

- geti skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, stafsett algengustu orðin og notað algengustu greinamerki
- geti skrifað texta með orðaförða úr efnisflokkum sem fengist er við
- lýsi í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamáli, vinum og umhverfi
- geti skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst
- geti samið stuttan texta frá eigin brjósti

Menningarläsi

Að nemandi:

- sýni fram á þekkingu á ýmsum þáttum sem tíðkast í daglegu lífi viðkomandi málsvæðis, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma o.fl. og áttað sig á því hvað er líkt og ólíkt hans eigin menningu
- sýni fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjörðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilega legu, staðháttu og þekktra staða
- sýni fram á að hann þekki til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja, leikja og söngva
- sýni fram á að hann átti sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir

Námshæfni

- geti sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf
- geti beitt ýmsum námsaðferðum til að auðvelda námið
- geti tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu
- geti tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja
- geti nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn og leitarvélar

Kennsluefni/kennslugögn

Vinnubók Portfolio Build up 2, glósubók og ítarefni frá kennara.

Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til tungumálsins með fjölbreyttum kennsluaðferðum. Nemendur vinna bæði munnleg og skrifleg verkefni og lögð er mikil áhersla á málfræði, orðaforða og að nemendur geti tjáð sig um það sem snertir þá persónulega eða áhugasvið þeirra á ensku. Kennsla fer að mestu fram á ensku til að efla orðaforða og hlustunarfærni nemenda. Spila og leikir verða notaðir í kennslu ásamt því að 2 umræðutímar á hvorri önn fara fram í formi bekkjarfunda að mestu leiti á ensku. Hluti af ritun vetrarins verður í formi dagbókar sem nemendur halda og skrifa í einu sinni til tvisvar í viku.

Námsmat

Símat verður úr Portfolio Build up 2 þar sem nemendur vinna námsmatsverkefni eða taka könnun við lok hvers efnisþátt og fá einkunn úr. Úr öðru námsefni og verkefnum tengdu því fá nemendur umsagnir.

Samfélagsgreinar

-samfélagsfræði, náttúrufræði og trúarbragðafræði-

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum. Kennsla í samfélagsgreinum á að miða að því að nemendur geti leyst hlutverk sitt sem þátttakendur í flóknu samspili mótandi sviða tilverunnar á skapandi hátt. Nemendur skulu fá leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum eins og þau geta komið fyrir á öllum þessum sviðum, hvort sem um er að ræða fjölskylduna, vinahópinn, skólann, nærsamfélagið eða samfélagið í víðara samhengi. Markmið samfélagsgreina er að nemendur tileinki sér réttisýni, gildismat og ábyrgð, sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild. Sem dæmi má nefna er mikilvægt að nemendur verði ábyrgir fyrir eigin fjármálum og verði jafnframt gagnrýnir neytendur og læsir á þau tilboð sem sett eru fram með ýmsum hætti.

Reynsluheimur

Að nemandi:

- geti skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú
- geti gert sér grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa
- geti lýst náttúruferlum, sem hafa áhrif á land og gróður
- geti áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði
- geti gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar
- geti notað kort til að afla sér upplýsinga
- geti velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af
- geti lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti
- geti greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum
- geti lýst margbreytileika helstu trúarbraðga og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks
- geti rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs

Hugarheimur

Að nemandi:

- geti lýst gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismati fyrir eigin sjálfsvitund
- geti gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum
- geti tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti
- geti metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra
- geti gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna

Félagsheimur

Að nemandi:

- geti metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausán hátt
- getið tekið þátt í samræðum um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og sýnt ábyrgð í samskiptum
- geti tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra
- geti nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu
- geti sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- geti rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra
- geti rætt reglur í samskiptum fólks og tekð þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum
- sýnt samferðafólki sínu tillitsemi og umhyggju

Náttúrufræði

Að nemandi:

- geti lýst helstu líffæraakerfi líkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum
- geti útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er og gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu
- geti útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu
- geti lýst breytingum við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna
- geti lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðinni
- geti lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi
- geti bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi
- geti hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra
- geti lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt
- geti lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland
- geti útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér

Kennsluefni/Kennslugögn

Norðurlöndin (lesbók og vinnubók), kortabækur og ýmsar upplýsingar af vefnum ásamt aukaefni frá kennara. Maðurinn, hugur og heilsa – lesbók og efni frá kennara, Auðvitað – Jörðin í alheimi og efni frá kennara, Námsspil eftir Aðalheiði Hönnu um mannlíkamann.

Kennsluhættir

Upplesið efni úr kennslubókum, umræður, verkefnavinna, skapandi starf og hópavinna.

Námsmat

Símat verður úr efnispáttum í formi kananna og einstaklings- og hópverkefna.

Lífsleikni

Námsgrein eins og lífsleikni gegnir mikilvægu hlutverki við að styrkja á skapandi hátt áráði, frumkvæði, hlutverk, ábyrgð og sjálfsmynd nemenda þegar þeir standa frammi fyrir stórum spurningum sem varða reynsluheim, hugarheim og félagsheim þeirra.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- viti að hver og einn hefur persónuleg og tilfinningaleg mörk sem hægt er að ganga of nærri með neikvæðum áreitum
- geti í samvinnu við aðra komið sér saman um leikreglur þar sem jafnréttis er gætt
- þjálfist í að veða og meta ólíka kosti með gagnrýnu hugarfari
- átti sig á gildi hirðusemi um líkama sinn, umhverfi, eigin eigur og annarra
- geri sér grein fyrir ýmsum kostnaði, t.d. við rekstur reiðhjóls, við íþróttaiðkun, við tónlistarnám og við að annast gæludýr
- þekki vel starfshætti, reglur, skipulag og áherslur síns skóla

Kennsluhættir

Verkefnavinna, hópavinna, hópefli o.fl.

Kennslugögn

Ertu? vinnubók í lífsleikni ásamt myndböndum og ljósrituðu efni frá kennurum. Reglulegir bekkjarfundir og ýmsar æfingar og leikir. Í Lífsleikni verður einnig unnið með leiklist í tengslum við árhátíð nemenda. Unnið verður með ýmsar æfingar til að efla nemendur ásamt því að vinna markvisst að uppsetningu árhátíðaratriðis. Nemendur kynna öllum hliðum slíkrar uppsetningar og geta valið sér sitt hlutverk í ferlinu út frá sínu áhugasviði.

Námsmat

Vinna nemenda verður metin eftir þátttöku í umræðum, vinnubrögðum í einstaklings- og hópvinnu, framförum, frumkvæði og sköpun.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmið:

Vinnulag og vinnubrögð

Að nemandi:

- nýti sér rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám
- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum
- geti nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt
- beiti réttri fingrasetningu

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

Að nemandi:

- nýti fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi
- nýti rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt
- geti verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga
- nýti hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða
- geti unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá
- nýti hugbúnað og forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum
- kynnist outlook office og notað tölvupóstinn sinn

Tækni og búnaður

Að nemandi:

- nýti hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna
- geti nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu
- geti nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar með stuðningi

Sköpun og miðlun

Að nemandi:

- geti tekið þátt í samræðum um eigið upplýsinga- og miðlalæsi
- nýti hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi hátt

Siðferði og öryggismál

Að nemandi:

- sýni ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildarvinnu
- fari eftir reglum um ábyrga netnotkun, sé meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og taki ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum

Kennsluefni/kennslugögn

Nemendur vinna við hin ýmsu forrit á netinu, t.d. ritvinnsluforrit, Powerpoint, Word, Excel.

Nemendur munu kynnast outlook, forritun og Wikipedia vefnum.

Kennsluhættir

Upplýsinga- og tæknimennt verður að einhverju leyfi samþætt við aðrar námsgreinar eins og stærðfræði, íslensku og samfélagsgreinar. Einnig verða unnin ýmis verkefni af vef Menntamálastofnuna og af öðrum kennsluvefum í upplýsingatækni. Nemendur munu skila verkefnum í möppu til kennara þegar við á.

Námsmat

Umsögn sem byggir á vinnusemi í tímum og verkefnaskilum.

Tónmennt

Tónlistin hefur alltaf verið samofin lífi og starfi manna. Meginmarkmið er að vekja áhuga nemenda á tónlist með tónlistariðkun og þroska hæfni þeirra til að njóta hennar. Ennfremur að nemendur geri sér grein fyrir gildi tónlistarinnar fyrir okkur sem einstaklinga og samfélagið í heild.

Hæfniviðmið

Frum-, efnis- og leikniþættir

Nemandi á að:

- flytja fjölbreytta tónlist frá ólíkum tímum og löndum einn og/eða í hópi
- semja, spinna og útsetja tónverk eftir gefnum fyrirmælum með fjölbreyttum hljóðgjöfum
- öðlast frekari færni í söng og leik á skólahljóðfæri
- hafa tök á flutningi tónlistar, laga og stefja eftir minni, heyrn og nótna- og hljómatáknum
- öðlast frekari færni í að þekkja og greina hugtök; svo sem háa og djúpa tóna, hratt og hægt, bjart og dimmt, langt og stutt, púls og hrynn, sterkt og veikt, endurtekningu og andstæður, hljóð og þögn, einn tónn eða fleiri og hendingar.

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi á að:

- sýna vaxandi skilning á sögulegu og samfélagslegu hlutverki þeirrar tónlistar sem unnið er með
- þekkja sönglög sem tengjast íslenskum hátíðisdögum

Tónlistarlegt innsæi

Nemandi á að:

- geta heyrt, greint og sýnt þekkingu á ólíkum tónlistarstíltegundum sem unnið hefur verið með
- geta greint og metið notkun nótnatákna í eigin verkum og annarra

Kennsluefni

Ýmis gögn og verkefni frá kennara.

Námsmat

Símat á virkni, framförum, samvinnu og skilningi nemenda á viðfangsefni kennslustunda.

Smiðjur

Nemendur fara í smiðju tvisvar í viku, tvær kennslustundir í senn. Smiðjur eru kenndar í sex vikna lotum. Eftirfarandi greinar eru kenndar í smiðjum: heimilisfræði, hönnun og smíði, textílmennt og myndmennt.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Að nemendur:

- fer eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi
- geti hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni
- viti af nauðsyn fjölbreytts mataræðis
- geti tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði
- geti matreitt og bakað eftir uppskrift
- kunni að flokka sorp og kunni skil á umhverfisvernd
- kunni borðsiði og kunni að þakka fyrir sig
- geti sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði

Kennsluefni

Gott og gagnlegt 2, efni frá kennara, efni af ýmsum netsíðum. Kennslu.

Kennsluhættir

Para og hópavinna.

Námsmat

- Námsmat er byggt á samskiptarhæfni og sjálfstæði ásamt umgengni og vinnubrögðum, Þá gildir vinnusemi og framkoma ásamt vinnu í vinnubók.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Handverk

Að nemandinn geti:

- valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki
- gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni

Hönnun og tækni

Að nemandinn geti:

- hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa
- útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp vinnuteikningu
- valið samsetningar og yfirborðmeðferð sem hæfa verkefnum
- lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið ertir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð

Umhverfi

Að nemandinn geti:

- gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni
- útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað

Kennslugögn

tifsög, rennibekkur, sandpappír 60-100-150, litir, MDF, akrílmálning, lím, bor, borvél, motor, rafhlöðubox, bjöllurofa, rafmagnsvír, lóðbolta og tin.

Kennsluaðferðir

Stuttar innlagnir fyrir hóp eða einstakling, sýnikennsla, einstaklingsvinna

Námsmat

Námsmat byggist á formlegri umsögn: Vinnubrögðum (iðni, sjálfstæði, frumkvæði, leiðbeiningar) samskiptum (virðing, kurteisi, tillitssemi, umgengni, fyrirmæli) og mati á verkefnum.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- unnið með einföld snið og uppskriftir
- nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíl og textílvinnu
- gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna
- sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir
- hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni
- beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir
- lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum

Kennslugögn

Garn, efnisbútar, snið, málning, lím, skæri, litir, nál, garn og fleira.

Kennsluhættir

- Nemendur hjálpast að
- Umræður
- Einstaklingsvinna

- Hópvinna
- Sýnikennsla

Námsmat

Umsögn byggist á getu og kunnáttu nemenda. Einnig eru hafðir í huga þættir eins og framfarir, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögð og samstarfshæfni. Verkefni eru metin í lokin með hliðsjón af ofantöldu. Námsmatið á að virka hvetjandi fyrir nemandann.

Myndmennt

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla
- geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun
- geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn á einfaldan hátt
- geti útskýrt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki
- geti fjallað um eigin verk og annara
- þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun listaverksins
- geti greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans
- geti unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar
- geti skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar

Kennsluefni/kennslugögn

Skjávarpí og efni myndmennta stofu svo sem teikniverkfæri, litir, pappír og leir

Kennsluhættir

- Í myndlist er unnið markvisst með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að sjá það sem þeir horfa á
- umræður um myndlist,
- einstaklingsvinna,
- hópvinna,

Námsmat

Byggist á formlegri umsögn: Vinnubrögðum, samskiptum og mati á verkefnum.

Vísindi vítt og breytt

Hæfniviðmið

- Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru.
- Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.
- Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.
- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.
- Hlutstað á, metið og rætt hugmyndir annarra.

Námsefni

Efni frá kennara.

Kennsluhættir

Innlögn, sýnikennsla, umræður, framkvæmd, hópavinna, paravinna, einstaklingsvinna, verkefni, þrautir. Stuðlað að aukinni vitund, þekkingu og hæfni nemendenda innan náttúruvísinda.

Námsmat

Byggist á vinnusemi, vinnubrögðum, samskiptum og verkefnabók sem nemendur útbúa.

Heimspeki, siðfræði og gagnrýnin hugsun

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar,
- geti tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum,
- geti hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,
- geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi,
- geti sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleka, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi,
- geti rætt um athafnir og afleiðingar þeirra,
- sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,
- geti rætt reglur um samskipti fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.

Kennsluefni/kennslugögn

Bullukolla: Heimspeki með börnum e. Sigurð Björnsson, 68 æfingar í heimspeki e. Jóhann Björnsson og ýmsar æfingar úr verkefnabanka Heimspekitorgsins.

Kennsluhættir

- Umræður þar sem nemendur þurfa tjá skoðanir sínar og færa rök fyrir þeim,
- einstaklingsvinna,
- hópvinna.

Námsmat

Byggist á formlegri umsögn: Vinnubrögðum, samskiptum og mati á verkefnum.

Leiðtogaþjálfun

Markmið smiðjunnar er að búa til góðan bekkjaranda og taka á samskiptavanda. Í smiðjunni verður einnig unnið með leiðtogaþjálfun þar sem stefnt er að því að virkja jákvæða leiðtoga innan bekkjarins.

Hæfniviðmið:

- Að nemendur geti sett sig í spor annarra
- Að nemendur átti sig á því að hegðun þeirra og framkoma hefur áhrif á líðan annarra
- Að nemendur skilji hugtakið jákvæður leiðtogi
- Að nemendur geti sett saman einfalda leikþætti
- Að nemendur geti leyst úr ágreiningi og finni lausn á vandamálum með samvinnu
- Að nemendur skilji hvað hugtakið einelti merkir og hvernig þau geta brugðist við

Kennslufni/kennslugögn

Unnið verður með kennslufni frá Vöndu Sigurgeirsdóttir (KVAN).

Námsmat

Byggist á formlegri umsögn: Vinnubrögðum, samskiptum og mati á verkefnum.

Fjölval

Umsjónarmenn: Aldís Kjærnested Eiríksdóttir, Arna Arnarsdóttir, Birna Ósk Óskarsdóttir, Dóra Hanna Sigmarsdóttir, Elva Björk Elvarsdóttir, Hildur María Helgadóttir, Íris Lind Björnsdóttir, Jón Ásgeir Þorvaldsson, Linda María Hauksdóttir, Ólína Laufey Sveinsdóttir, Raket Guðmundsdóttir, Þorbjörg Guðmundsdóttir.

Kennslulýsing: Nemendum á miðstigi er skipt í 6 hópá. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega.

Markmið:

- Að nemendur öðlist reynslu í starfi með ólíkum aldurshópum.
- Að viðfangsefni verði fjölbreytt og við hæfi allra nemenda.
- Að virkja áhuga og vinnusemi nemenda.
- Að nemendur öðlist nýja sýn á skólastarfið þar sem nýbreytni er ríkjandi.

Þannig er stuðlað að eftirfarandi þáttum í lykilhæfni aðalnámskrá grunnskóla, að nemandi við lok 7. bekkjar geti:

- tekið þátt í samræðum og hlustað á aðra. Tjái skoðanir sínar munnlega, skriflega eða á annan hátt.
- sýnt frumkvæði og beitt gagnrýnni hugsun. Verið skapandi við vinnu og lausn verkefna.

- leitað sjálfstæðra lausna í vinnu sinni og sýnt kurteisi í samskiptum. Leggi sitt af mörkum í hópastarfi og fylgt fyrir mælum.
- miðli upplýsingum til annarra og nýti mismunandi miðla til upplýsingaöflunar. Vinni vel og á gagnrýnn hátt úr upplýsingum.
- sett sér markmið í námi, meti stöðu sína raunhæft í námi og nýti tíma sinn vel.

Skólaíþróttir

Íþróttir

Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- Tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.
- Skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt.
- Útskýrt misjafnan líkamlegan þroska einstaklinga og kynja.
- Sótt sér margvíslegar upplýsingar við undirbúning og úrvinnslu verkefna í skólaíþróttum og útivist.
- Tekið þátt á ábyrgan hátt í útivist með tilliti til aðstæðna og ratað um landsvæði eftir korti.

Kennsluefni/Kennslugögn

Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

Námsmat

Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum og beita gagnrýninni hugsun. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Nemendur þurfa að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Einnig er skoðuð hæfni nemenda til að bera ábyrgð á sínu námi ásamt því að gera sjálfsmat um frammistöðu sína í leikfimi.

Umsögn er gefin í lok haustannar. Gefið er ágætt (Á), gott (G), sæmilegt (S) eða þarf að æfa betur (Þ) fyrir færni nemenda ásamt umsögn í lok vorannar.

Pol, styrkur og snerpa.

Polpróf, sippa, langstökk án atrennu og fittnesgrip

Einnig er tekið til greina í umsögn:

Frumkvæði og framkoma haust og vorönn.

Sjálfstæði og ábyrgð haust og vorönn.

Kennsluhættir

Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar leikfimiæfingar og leiki.

Nemendum er skylt að koma með leikfimiföt (stuttbuxur og stuttermabol) og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Nemendur eiga að vera í innanhúss íþróttaskóm í íþróttahúsi.

Sund

Hæfniviðmið

Að nemendur

- upplifi sund á jákvæðan máta og fái æfingar við sitt hæfi.
- bæti sundfærni og almennt líkamshreysti og þrek
- kynnist hinum ýmsu sundíþróttum og leikjum
- læri helstu öryggisatriði sundstaða

Markmið

Að nemandi:

- geti synt 200 m sund, frjáls aðferð, viðstöðulaust.
- geti synt 33 m skólabaksund.
- geti synt 33 m skriðsund.
- geti synt 33m baksund.
- geti synt 33 m bringusund
- geti synt 16 m björgunarsund (skólabaksundsfótatök).
- geti synt 8 m kafsund.
- geti synt 10 m flugsund með eða án hjálpartækja.

Kennsluefni/ Kennslugögn

Sundgleraugu, núðlur, flár, blöðkur, kafhringir, flotdýnur, prik, boltar og áhöld sem notuð eru við björgun í vatni ásamt fleiru.

Kennsluhættir

Verkleg kennsla, sýnikennsla, einstaklingsvinna og hópavinna. Farið verður í fjölbreytta leiki og æfingar framkvæmdar sem auka sundfærni nemenda ásamt því að bæta þrek og styrk.

Nemendur skulu mæta með sundföt, handklæði og sundgleraugu í hvern tíma.

Námsmat

Nemendur verða metnir út frá færni, umgengni, framförum og áhuga. Einnig þurfa nemendur að geta unnið með öðrum, sýnt jákvætt viðhorf og tekið leiðsögn. Sundfærni nemenda er metin jafnt og þétt allt skólaárið og umsögn gefin við lok hvernar annar. Gefið er ágætt (Á), gott (G), sæmilegt (S) eða þarf að æfa betur (Þ) fyrir færni nemenda.